

Áætlun aukapóstanna 1915.

1. Milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar

er póstur sendur með vögnum, sem ganga oft daglega.

2. Milli Reykjavíkur og Ægisíðu

gengur póstvagn í viku hverri frá 1. júní til 15. október. Fer póstvagninn frá Reykjavík á þriðjudögum og kemur þangað aftur á föstudögum, nema í seinustu ferð. Í hverri póstvagnferð gengur póstur milli Ægisíðu og Odda.

3. Milli Reykjavíkur og Þingvalla

verður póstur sendur með vögnum í júlí og ágúst.

4. Gullbringusýslupósturinn,

milli Reykjavíkur og Hvalness, leggur af stað frá Reykjavík eftir komu aðalpóstanna, fer um *Hafnarfjörð*, *Kálfatjörn*, *Keflavík* og *Gerða* að *Hvalsnesi* og snýr aftur sömu leið til *Reykjavíkur*.

5. Kjósarsýslupósturinn,

milli Reykjavíkur og Háls, fer frá Reykjavík, eftir komu aðalpóstanna til Reykjavíkur, um *Lágafell* og *Esjuberg* að *Hálsi* í Kjós og snýr aftur sömu leið til *Reykjavíkur*.

6. Borgarfjarðarsýslupóstarnir eru níu:

a. Fyrsti fer frá *Akranesi* eftir komu »Ingólfs« þangað í aðalpostferð, um (*Os*), *Vogatungu*, *Saurbæ*, (*Geitaberg*), (*Grund*), *Hest*, (*Varmalæk*), *Hvítárbakka*, (*Stafholtsey*), (*Arnarholt*), að *Munadarnesi*, í veg fyrir aðalpósta og heldur sömu leið til baka til *Akraness*.

b. Annar fer frá *Hesti* eftir komu fyrsta aukapósts frá *Akranesi* um *Lund* (*Reyki*) að (*Fítjum*) og snýr þaðan aftur að *Hesti*.

c. Þriðji fer frá *Borgarnesi*, eftir komu aðalpóstanna frá Reykjavík um *Munadarnes*, (*Steina*), *Norðtungu*, *Deildartungu*, *Reykholt*, (*Stóraás*) að *Gilsbakka* og snýr þaðan aftur um *Norðtungu* og *Munadarnes* að *Borgarnesi*

d. Fjórti fer frá *Munadarnesi*, eftir komu aðalpóstanna frá *Stað* og *Hjarðarholti* að *Hvítárbakka* og snýr aftur sömu leið til baka.

e. Fimti fer frá *Vogatungu* eftir komu fyrsta aukapósts frá *Akranesi* að (*Fiskilæk*) og snýr aftur sömu leið til *Vogatungu*.

f. Sjötti fer frá *Saurbæ* eftir komu fyrsta aukapósts frá *Akranesi* að (*Þyrli*) og snýr aftur sömu leið til baka.

g. Sjöundi fer frá *Hesti* eftir komu fyrsta aukapósts frá *Akranesi* að (*Hvanneyri*) og snýr sömu leið til baka aftur.

h. Áttundi fer frá *Innra-Hólmi* eftir komu »Ingólfs« í aðalpostferð til *Akraness* um (*Ytra-Hólm*) og snýr aftur sömu leið.

i. Níundi fer frá *Deildartungu* eftir komu þriðja aukapósts um (*Stóra-Kropp*), *Brúholt*, (*Geirshlíð*) og (*Litla-Kropp*) að *Norðtungu* fyrir komu nefnds aukapósts, á bakaleið.

7. Mýrasýslupóstarnir eru tveir:

a. Fyrsti fer frá *Borgarnesi* eftir komu aðalpósta frá *Reykjavík* um (*Jarðlangsstaði*) (*Stangarholt*), (*Vallbjarnarvelli*) að (*Grímsstöðum*) og þaðan beint til *Borgarness*.

b. Annar fer frá *Alftanesi* til *Borgarness* daginn áður en póstar leggja af stað þaðan norður og vestur, og snýr aftur sömu leið til baka.

8. Stykkishólmspósturinn

fer frá *Borgarnesi*, þegar Ingólfur er kominn

þangað í aðalpostferð, um *Brúarfoss*, *Akurholt*, *Gröf* og (*Skjöld*) til *Stykkishólms*; snýr aftur eftir 36 stunda viðstöðu þar sömu leið að *Borgarnesi*.

9. Snæfellsnessýslupóstarnir eru sex:

- a. Fyrsti fer frá *Gröf*, eftir að *Stykkishólms*posturinn er þangað kominn frá *Borgarnesi*, um *Staðastað*, *Búdir*, *Ólafsvík* til *Sands* og snýr þaðan aftur eftir eyktardvöl sömu leið að *Gröf* og sé kominn þangað nógu snemma til að ná í *Stykkishólms*postinn á bakaleið. Póstur þessi skal standa við í *Ólafsvík* svo lengi, að hann fari eigi af stað þaðan á bakaleið fyrr en 16 stundum eftir að hann kom þangað frá *Gröf*.
- b. Annar fer frá *Stykkishólmi* eftir komu aukapóstsins frá *Stað* og fer um *Grundarfjörð*, *Brimilsvelli*, *Ólafsvík* að *Sandi*; síðan snýr hann aftur um *Ólafsvík*, *Búdir*, *Staðastað*, og (*Skjöld*) til *Stykkishólms*.
- c. Þriðji fer frá *Arnarstapa* fyrir komu fyrsta aukapósts að *Búðum*, en eftir komu hans snýr hann aftur sömu leið að *Arnarstapa*.
- d. Fjórdi fer frá *Grundarfirði* fyrir komu *Stykkishólms*posts frá *Borgarnesi* til *Stykkishólms*; eftir komu hans snýr hann sömu leið til baka aftur og kemur við á (*Berserkjakraumi*) í báðum leiðum.
- e. Fimti fer frá *Ólafsvík*, eftir komu fyrsta aukapósts, að *Brimilsvöllum* og sömu leið til baka.
- f. Sjötti fer frá *Sandi*, eftir komu fyrsta aukapósts, að (*Saxhóli*) og sömu leið til baka.

10. Flateyjarpósturinn

fer frá *Flatey* um (*Bjarneyjar*) til *Stykkishólms* fyrir komu aukapóstsins frá *Borgarnesi* í 1.—4., 6.—11. og 14.—15. ferð, og snýr aftur sömu leið til *Flateyjar* eftir komu aukapóstsins.

11. Dalasýslupóstarnir eru þrjú:

- a. Fyrsti fer frá *Stykkishólmi* um *Breiðaból*s-

stað á *Skógarströnd*, (*Bugðustaði*), *Harra*-*staði* og *Búðardal* svo tímanlega, að hann ná að *Hjarðarholti* og *Stað* áður en aðalpostar leggja af stað þaðan; eftir komu þeirra snýr hann aftur sömu leið til *Stykkishólms*, og kemur við á (*Dömustöðum*) og *Borðeyri* í báðum leiðum.

- b. Annar fer frá *Stórholti* um *Skarð*, *Hnúk*, *Staðarfjell* og *Hvamm* svo tímanlega að hann ná að *Hjarðarholti* áður en fyrsti aukapóstur leggur af stað þaðan norður að *Stað*, snýr síðan aftur sömu leið að *Stórholti*.
- c. Þriðji fer frá *Leikskálum* að *Harrastöðum* eftir að aðalpostur er kominn þangað á vesturleið og snýr sömu leið til baka aftur.

12. Barðastrandasýslupóstarnir eru ellefu:

- a. Fyrsti fer frá *Bæ* í *Króksfirði*, þegar eftir að vestanpostur er þangað kominn frá *Hjarðarholti*, fer um *Kinnarstaði*, *Brekku*, *Vattarnes*, *Brjánslæk*, (*Haga*), (*Botn*), *Patreksfjörð* og *Sveinseyri* að *Bildudal*, og snýr þaðan aftur sömu leið að *Bæ*.
- b. Annar fer frá *Sveinseyri*, þegar eftir að fyrsti aukapóstur er þangað kominn frá *Patreksfirði*, um (*Fífustaði*) að *Selárdal*, og snýr jafnskjótt aftur að *Sveinseyri*.
- c. Þriðji fer frá *Patreksfirði* eftir komu fyrsta aukapósts þangað frá *Bæ*, um *Sauðlauksdal* að *Saurbæ* á *Rauðasandi* og snýr þegar aftur til *Patrekstjardar*.
- d. Fjórdi fer frá *Flatey*, í 1.—4. og 14.—15. postferð eftir komu *Flateyjar*postsins þangað frá *Stykkishólmi*, að *Brjánslæk*, og snýr þaðan aftur til *Flateyjar*.
- e. Fimti fer frá *Bæ* í *Króksfirði*, um *Kleifar*, *Guðlaugsvík* og *Borðeyri*, þegar eftir komu vestanpóstsins þangað frá *Ísafirði*, að *Stað* í *Hrútafirði*. Eftir komu norðanpóstsins frá *Akureyri* að *Stað* fer hann þaðan aftur sömu leið að *Bæ* og sé kominn þangað áður en vestanposturinn fer þaðan áleiðis til *Isafjardar*.
- f. Sjötti fer frá *Sauðlauksdal* eftir komu þriðja aukapósts út í (*Breiðuvík*) og fer sömu leið til baka aftur

- 118 g. Sjöundi fer frá *Vattarnesi*, eftir komu fyrsta aukapósts þangað um (*Fjörð*) að (*Múla*) og sömu leið til baka.
- h. Áttundi fer frá *Flatey*, í 1.—4. og 14.—15. pósthferð til (*Hvallátra*) eftir komu Flateyjarpóstsins frá Stykkishólmi og snýr sömu leið til baka.
- i. Níundi fer frá *Bæ* eftir að vestanpósturinn er þangað kominn frá *Hjarðarholti* um (*Reykhöla*) að *Stað* á *Reykjanesi* og snýr svo aftur sömu leið að *Bæ*.
- k. Tíundi fer frá *Brjánslæk* eftir komu fyrsta aukapósts þangað frá *Bæ* yfir Fossheiði um (*Foss*) til *Bíldudals* og snýr sömu leið til baka aftur.
- l. Ellefti fer frá *Arngerðareyri* þegar eftir komu vestanpóstsins frá *Ísafirði* um (*Klett*), (*Eyri*), (*Gufudal*) að *Brekku* og snýr sömu leið til baka aftur.

13. Isafjarðarsýslupóstarnir eru sautján :

- a. Fyrsti fer frá *Arngerðareyri* einum eða tveim dögum eftir komu vestanpóstsins þangað að sunnan, um *Melgraseyri* og (*Unaðsdal*) að *Sandeyri* og snýr þaðan aftur, eftir komu 8. aukapósts, til *Arngerðareyrar*.
- b. Annar fer frá *Ísafirði* eftir komu vestanpóstsins þangað í hverri pósthferð, um *Flateyri*, *Vedrará*, *Holti* í *Önundarfirði*, (*Gemlufalli*), *Þingeyri* og *Rafnseyri* að *Bíldudal* og fer svo sömu leið aftur til *Ísafjarðar*. Póstur þessi skal, ef unt er, mæta fyrsta aukapósti frá *Bæ*.
- c. Þriðji fer frá *Ögri* um (*Kálfanes*) og (*Hvítanes*) að (*Eyri*) í *Skötufirði* eftir komu aðalpósts frá *Ísafirði*.
- d. Fjórtíundi fer frá (*Gemlufalli*) um *Mýrar*, (*Núp*) og (*Gerðhamra*) að (*Sæbóli*), þegar eftir komu *Bíldudalspóstsins* þangað frá *Ísafirði* og snýr aftur sömu leið.
- e. Fimti fer frá *Ísafirði*, eftir komu vestanpóstsins þangað, að *Suðureyri* í *Súgandafirði* og snýr þaðan aftur eftir eyktarðvöl til *Ísafjarðar*.
- f. Sjötti fer frá *Ísafirði*, eftir komu vestanpóstsins þangað, um *Hnífsdal* út í *Bolungarvík*, og snýr þaðan aftur eftir eyktarðvöl, sömu leið til *Ísafjarðar*.
- g. Sjöundi fer frá *Ísafirði*, eftir komu vestanpóstsins þangað, um (*Arnardal*), *Tröð* í *Alftafirði*, *Eyri* í *Seyðisfirði*, að *Kleifum*, og fer síðan sömu leið aftur til *Ísafjarðar*.
- h. Áttundi fer frá *Ísafirði*, þegar eftir komu vestanpóstsins þangað, sjöveg um *Sandeyri* og *Stað* í *Grunnavík* að *Hesteyri* og sömu leið aftur til *Ísafjarðar*.
- i. Níundi fer frá *Hesteyri*, daginn eftir komu póstsins þangað frá *Ísafirði* í 1.—3. og 13.—15. pósthferð, um (*Steinólfsstaði*) að *Höfn* á *Hornstöndum*, stendur þar við hálf dag og fer síðan um (*Hlöðuvík*) til *Hesteyrar* aftur.
- k. Tíundi fer frá *Þingeyri*, eftir komu annars aukapósts þangað frá *Ísafirði*, um *Haukadall* að (*Arnarnúpi*) og snýr þaðan sömu leið til baka að *Þingeyri*.
- l. Ellefti fer frá *Rafnseyri*, eftir komu annars aukapósts frá *Bíldudal* að (*Lokinhömrum*) og snýr aftur sömu leið að *Rafnseyri*.
- m. Tólfíundi fer frá *Stað* í *Grunnavík*, eftir komu áttunda aukapósts þangað, um *Dynjanda* að (*Furufirði*) og snýr aftur sömu leið að *Stað* í veg fyrir pósthinn frá *Hesteyri*.
- n. Þrettándi fer frá *Holti* eftir komu annars aukapósts út í (*Valþjófsdal*) og snýr til baka aftur að *Holti*.
- o. Fjórntándi fer frá *Hesteyri*, eftir komu áttunda aukapósts þangað, að *Látrum* í *Aðalvík* og snýr sömu leið til baka aftur.
- p. Fimmtándi fer frá *Bolungarvík* um *Hnífsdal* til *Ísafjarðar* daginn áður en aðalpóstur leggur af stað þaðan og fer sömu leið til baka.
- r. Sextándi fer frá *Rafnseyri* eftir komu annars aukapósts frá *Bíldudal* að *Skögum* í *Mosdal* og fer sömu leið til baka.
- s. Sautjándi fer frá *Hesteyri* eftir komu áttunda aukapósts um *Sléttu* að *Stað* í *Aðalvík* og sömu leið til baka.

14. Strandasýslupóstarnir eru fjórir :

- a. Fyrsti fer frá *Ofeigsfirði* svo tímanlega, að hann geti lagt af stað frá *Hólmanvík*

- jafnsnemma aðalpósti frá Isafirði. Hann fer um *Arnes*, *Reykjartjörð*, (*Eyjar*), (*Skarð*), *Bassastaði*, (*Hrófberg*), *Hólmavík*, *Kirkjuból*, (*Kollafjarðarnes*), *Stórafjarðarhorn*, *Gröf*, *Guðlaugsvík*, (*Bæ*), *Boðeyri* og *Stað* og snýr þaðan aftur að *Ofeigsfirði* þegar aðalpóstur, fyrsti Dalasýslu- og fimti Barðastrandasýslupóstur eru afgreiddir.
- b. Annar fer frá *Bæ* í Króksfirði, eftir komu aðalpóstsins frá *Isafirði* um (*Valshamar*), (*Tröllatungru*), *Kirkjuból*, *Hólmavík*, og þaðan aftur sömu leið að *Bæ*.
- c. Þriðji fer frá *Bassastöðum*, eftir komu aukapóstsins frá *Stað*, um *Kleifar* á Selsströnd að *Kaldrananesi* og sömu leið til baka.
- d. Fjórdi fer frá *Hrófbergi* eftir komu fyrsta aukapósts að (*Stað* í Steingrímsfirði).
- g. Sjöundi fer frá *Núpsdalstungu* að *Stað*, svo tímanlega, að hann nái þar aðalpóstum og snýr aftur sömu leið að *Núpsdalstungu*.
- h. Áttundi fer frá *Holtastöðum* að (*Refsstöðum*), eftir komu aðalpóstsins á norðurleið, og snýr aftur sömu leið að *Holtastöðum*.
- i. Niundi fer frá *Bergsstöðum* til *Æsustaða* fyrir komu aðalpósts á suðurleið.
- k. Tíundi fer frá *Skagaströnd* um (*Höskuldsstaði*) til *Blönduóss* fyrir komu aðalpósts á suðurleið.

118

16. Skagafjarðarsýslupóstarnir eru átta:

15. Húnavatnssýslupóstarnir eru tíu:

- a. Fyrsti fer frá *Staðarbakka*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá *Stað*, að *Hvamnstanga*. Fyrir komu aðalpósts að norðan skal sami póstur fara frá *Hvamnstanga* að *Staðarbakka*.
- b. Annar fer frá *Lækjamóti* þegar eftir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað* um (*Breiðabólstað*), (*Vesturhópshóla*), (*Osa*) og (*Vík*) að *Tjörn* á Vatnsnesi. Fyrir komu aðalpósts að norðan skal sami póstur fara sömu leið að *Lækjamóti*.
- c. Þriðji fer frá *Sveinstöðum* eftir komu aðalpóstsins þangað að sunnan, að *Asi* í Vatnsdal, og snýr þaðan aftur að *Sveinstöðum*.
- d. Fjórdi fer frá *Blönduósi*, eftir komu aðalpóstsins að sunnan, um (*Reyki*) og *Audkúlu* að *Guðlaugsstöðum*. Fyrir komu aðalpóstsins að norðan skal sami póstur fara frá *Audkúlu* til *Blönduóss*.
- e. Fimti fer frá *Kálfshamarsvík*, fyrir komu aðalpóstsins á norðurleið, um (*Hof*), *Skagaströnd* og (*Höskuldsstaði*) að *Blönduósi* og fer aftur sömu leið til *Kálfshamarsvíkur*.
- f. Sjötti fer frá *Æsustöðum*, þegar eftir komu norðanpóstsins þangað, á norðurleið, að *Bergsstöðum* og snýr þaðan sömu leið til baka.
- a. Fyrsti fer frá *Víðimýri*, eftir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað*, um *Mælitell* að *Godðöllum* og sömu leið aftur að *Víðimýri*.
- b. Annar fer frá *Víðimýri*, þegar eftir komu norðanpóstsins þangað frá *Stað*, um (*Páfastaði*), *Reynistað*, *Sauðárkrók*, *As*, *Lón*, *Kolkuós*, (*Grafarós*), *Hofsós*, *Fell*, *Haganesvík* og (*Hraun*) til *Siglufljarðar* og snýr aftur sömu leið eftir 24 stunda dvöl þar í 1.—5. og 13.—15. ferð, en eftir 12 stunda dvöl í 6.—12. ferð.
- c. Þriðji fer frá *Sauðárkróki*, eftir komu Siglufljarðarpóstsins frá *Víðimýri*, um (*Veðramót*), *Hvamm* í Laxápal að (*Selnesi*) og snýr aftur til *Sauðárkróks*.
- d. Fjórdi fer frá *Kolkuósi* eftir komu Siglufljarðarpóstsins þangað frá *Víðimýri* um *Víðvík* að *Hólum* og snýr þaðan aftur að *Kolkuósi*.
- e. Fimti fer frá *Sauðárkróki* svo tímanlega, að hann sé kominn að *Víðimýri* áður en norðanpóstur fer suður um. Eftir komu hans frá *Akureyri* snýr hann aftur sömu leið til *Sauðárkróks* og kemur við á *Reynistað* og (*Páfastöðum*) í báðum leiðum.
- f. Sjötti fer frá *Miklabæ* í Blönduhlíð eftir komu aðalpósts á norðurleið, um *Frosta-staði* að *Lóni* og sömu leið til baka til *Miklabæjar*.
- g. Sjöundi fer frá *Sauðárkróki* til *Víðimýrar* áður en pósturinn frá *Stað* fer norður

118 um í 1.—5. og 14.—15. ferð, og snýr sömu leið til baka aftur.

- h. Áttundi fer frá *Sauðárkróki* í 1.—5. og 13.—15. ferð, eftir komu fimta aukaþósts frá Viðimyri, um *Lón*, *Hóla*, til *Hofsóss* og snýr sömu leið til baka aftur.

17. Eyjafjarðarsýslupóstarnir eru fimm:

- a. Fyrsti fer frá *Akureyri* eftir komu norðanþóstsins þangað frá Stað í 1.—7. og 12.—15. ferð, um *Möðruvelli*, (*Stærra-Arskóg*), *Hjalteyri*, *Dalvík*, *Kvíabekki* í *Ólafsfirði* (*Hnappstaði*) og *Haganesvík* í Fljótum til *Siglufrjóðar* og snýr aftur þaðan sömu leið til *Akureyrar*. Í 8. til 11. pósthferð fer þóstur þessi að eins að *Möðruvöllum*.
- b. Annar fer frá *Akureyri* eftir komu norðanþósts þangað frá Stað um (*Kropp*) og (*Grund*) að *Saurbæ* í *Eyjafirði* og fer um (*Munkapverá*) og *Þverá* aftur til *Akureyrar*.
- c. Þriðji fer frá *Akureyri* eftir komu norðanþóstsins þangað frá Stað um *Svalbarð* og *Garð* að *Grenivík* og þaðan an aftur (um *Laufás*) til *Akureyrar*.
- d. Fjórdi fer frá *Dalvík*, eftir komu *Siglufrjóðar*þósts, um (*Velli Syðra-Hvarf*, *Tjörn* og *Mela*) og snýr aftur sömu leið að *Dalvík*.
- e. Fimti fer frá *Möðruvöllum*, eftir komu fyrsta aukapósts frá *Akureyri*, um (*Þúfnavelli*) að (*Myrká*) og fer í bakaleið um (*Bægisá*) aftur til *Möðruvalla*.

18. Þingeyjarsýslupóstarnir eru níu:

- a. Fyrsti fer frá *Ljósavatni*, eftir komu *Seyðisfjarðar*þóstsins þangað frá *Akureyri*, fram *Bárðardal* austan fljóta, að *Lundarbrekku* og þaðan út dalinn aftur að vestan að *Ljósavatni*.
- b. Annar fer frá *Grenjadarstað*, eftir komu aðalþóstsins frá *Akureyri* um (*Halldórsstaði*), (*Þverá*) og (*Ljótsstaði*) að *Skútustöðum* og þaðan aftur að *Grenjadarstað*.
- c. Þriðji fer frá *Húsavík* að *Grenjadarstað*

fyrir komu *Seyðisfjarðar*þósts þangað á austurleið. Eftir komu hans frá *Akureyri* fer hann um *Garð*, *Húsavík* og (*Héðinshöfða*) að *Víkingavatni*, og snýr aftur sömu leið að *Grenjadarstað* og skal hann ná *Seyðisfjarðar*þósinum á leið til *Akureyrar*, og fer því næst aftur til *Húsavíkur*.

- d. Fjórdi fer frá *Vopnafirði* um (*Hvamms-eyri*), *Bakka*, *Þórshöfn*, *Svalbarð* og *Skinnastað* til *Víkingavatns* og mætir þar *Grenjadarstaðar*þósti. Þósturinn snýr aftur sömu leið til *Vopnafjarðar*.
- e. Fimti fer frá *Raufarhöfn* um (*Grjótmes*), *Kópasker*, (*Presthóla*), (*Ærlækjarsel*) að *Víkingavatni* svo tímanlega, að hann verði þangað kominn fyrir komu aukapóstsins frá *Grenjadarstað* og *Vopnafirði*, og snýr aftur til *Raufarhafnar* þegar eftir komu umgetinna aukapósta að *Víkingavatni*.
- f. Sjötti fer frá *Garði* eftir komu *Grenivíkur*þósts frá *Akureyri* að *Brettingsstöðum*, og snýr þaðan aftur að *Hálsi* í *Fnjóskadal*.
- g. Sjöundi fer frá *Ljósavatni*, eftir komu *Seyðisfjarðar*þóstsins þangað frá *Akureyri* að *Þóróddsstað* í *Kinn* og snýr þaðan aftur sömu leið til baka.
- h. Áttundi fer frá *Hálsi*, eftir komu aðalþóstsins þangað frá *Akureyri* að (*Illugastöðum*) og sömu leið til baka aftur.
- i. Níundi fer frá *Þórshöfn* eftir komu fjórða aukapósts þangað frá *Víkingavatni*, um (*Sauðanes*), (*Heiði*) að *Læknisstöðum* og snýr sömu leið baka.

19. Múlasýslupóstarnir eru átta.

- a. Fyrsti fer milli *Seyðisfjarðar* og *Vopnafjarðar*. Hann fer frá *Seyðisfirði* svo tímanlega að hann nái *Eskifjarðar*þósti á *Egilsstöðum* á austurleið. Þaðan fer hann um *Egilsstaði*, (*Eiða*), *Hjaltastað*, *Kirkjubæ* í *Hróarstungu*, *Sleðbrjót*, (*Torfa-staði*), á *Vopnafjörð* og snýr aftur þaðan eftir sólarhringsdvöl sömu leið á *Seyðisfjörð*.

- b. Annar fer frá *Seyðisfirði*, eftir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, um *Stakkahlíð*, (*Nes*) og (*Dalland*) að *Bakkagerði* í Borgarfirði og sömu leið aftur til *Seyðisfjarðar*.
- c. Þriðji fer frá *Hjaltastað* eftir komu Vopnafjarðarpósts þangað frá *Seyðisfirði* um (*Sandbrekku*), og (*Njarðvök*) til *Borgarfjarðar* og snýr aftur sömu leið.
- d. Fjórdi fer frá *Egilsstöðum*. Þegar eftir komu aðalpóstanna á austurleið, um (*Vallanes*), (*Hallormsstað*) að *Valþjófsstað*, og þaðan aftur vestan Lagarfljóts um (*As* í *Fellum*) að *Egilsstöðum*.
- e. Fimti fer frá *Skjöldólfsstöðum*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá Akureyri, að *Eiríksstöðum* á Jökuldal og heldur sömu leið aftur að *Skjöldólfsstöðum*.
- f. Sjötti fer frá *Djúpavogi*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá *Hólum*, í 1.—4. og 13.—15. ferð um (*Berunes*), *Breiðdalsvík*, *Stöðvarfjörð*, *Fáskrúðsfjörð*, *Reyðarfjörð* og (*Hólma*) að *Eskifirði* og sömu leið aftur til *Djúpavogs*.
- g. Sjöundi fer frá *Eskifirði*, þegar eftir komu sjötta aukapósts þangað frá *Djúpavogi*, í 1.—4. og 13.—15. ferð, um *Norðfjörð*, *Mjóafjörð* og (*Fjörð*) til *Seyðisfjarðar* og snýr þaðan aftur sömu leið á *Eskifjörð*.
- h. Áttundi fer frá *Vopnafirði*, eftir komu fyrsta aukapósts að (*Hofi*) og þaðan um (*Hauksstaði*) og (*Vakurstaði*) til *Vopnafjarðar*.

20. Skaftafellssýslupóstarnir eru tveir:

- a. Fyrsti fer frá *Prestshakka*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá *Odda*, um (*Holt*) að *Hlíð* í Skaftártungu og snýr þaðan aftur sömu leið að *Prestshakka*, eftir að hafa farið um (*Borgarfell*) og (*Hemru*).
- b. Annar fer frá *Vík* að *Odda* 8. og 29. Júní, 6. og 27. júlí, 17. ágúst og 7. sept og kemur við í *Pétursey*, *Skarðshlíð*, *Holti*, *Seljalandi* og *Ossabæ* í báðum leiðum.

21. Rangárvallasýslupóstarnir eru sex:

118

- a. Fyrsti fer frá *Þjórsárbrú*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá *Reykjavík*, um (*Herru*) og (*Haga*) að *Fellsmúla* á Landi og snýr þaðan aftur að *Þjórsárbrú*.
- b. Annar fer sömuleiðis frá *Þjórsárbrú*, jafnsmemma hinum fyrnefnda, um (*Háf* í *Háfshverfi*) að *Nýjabæ* í Þykkvabæ og snýr aftur sömu leið að *Þjórsárbrú*.
- c. Þriðji fer frá *Odda* þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá *Reykjavík*, um (*Stórolfshvol*) að *Teigi* í Fljótshlíð, og þaðan aftur sömu leið að *Odda*.
- d. Fjórdi fer frá *Odda* að *Kálfsstöðum* í Landeyjum, daginn eftir komu aðalpóstanna og snýr þegar aftur að *Odda*.
- e. Fimti fer frá *Odda* um (*Kirkjubæ*), (*Reyðarvatn*), að (*Keldum*) daginn eftir komu aðalpósta og fer aftur um (*Stórahof*) og (*Kirkjubæ*) að *Odda*.
- f. Sjötti fer frá *Seljalandi* eftir komu aðalpósts frá *Odda* um (*Stóradal*) að (*Eyvindarholti*) og sömu leið til baka.

22. Árnessýslupóstarnir eru tíu:

- a. Fyrsti fer frá *Seljossi*, þegar eftir komu aðalpóstsins þangað frá *Reykjavík*, í 1.—7. og 12.—15. pósthferð um (*Alvíðru*), (*Torfastaði*) og *Villingavatn* að *Þingvöllum*, og snýr þaðan aftur að *Seljossi*. Í 8.—11. ferð fer póstur þessi að eins að *Villingavatni*.
- b. Annar fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eftir komu aðalpóstsins frá *Reykjavík*, um *Arnarbæli* í Grímsnesi, (*Brjónsstaði*), *Mosfell* og *Tortastaði* að *Brekku* og þaðan aftur sömu leið að *Hraungerði*.
- c. Þriðji fer sömuleiðis frá *Hraungerði*, sem fyrst eftir komu aðalpóstsins frá *Reykjavík*, um (*Olafsvelli*) og *Reyki* á Skeiðum að *Stóranúpi* og þaðan aftur að *Hraungerði*.
- d. Fjórdi fer frá *Reykjum* eftir komu *Hraungerðispóstsins* þangað um *Birtingaholt* að *Hruna* og heldur sömu leið til baka aftur.

- 118** e. Fimti fer frá *Hraungerði*, sem fyrst eftir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um (*Hróarsholt*) að *Brandshúsum* og snýr þaðan aftur um (*Villingaholt*) að *Hraungerði*.
- f. Sjötti fer frá *Mosfelli*, eftir komu annars ankapósts, að *Laugardalshólum* og snýr aftur sömu leið.
- g. Sjöundi fer frá *Torfastöðum*, eftir komu annars aukapósts þangað, að (*Króki*), og snýr þegar aftur að *Torfastöðum*.
- h. Áttundi fer frá *Eyrbakka* um (*Stóra-Hraun*) og *Stokkseyri* svo tímanlega að hann sé kominn að *Seltossi* áður en aðalpóstur leggur á stað þaðan austur og snýr síðan sömu leið til baka og kemur við í (*Kaldaðarnesi*) á leið sinni í 1.—7. og 13.—15. pósthæð, er því verður við komið.
- i. Níundi fer frá *Eyrbakka* um (*Stóra-Hraun*) *Stokkseyri* og (*Sandvík*) til *Seltoss*, svo tímanlega að hann nái þar aðalpósti á bakaleið í 1.—7. og 13.—15. pósthæð eftir komu hans snýr hann aftur sömu leið til *Eyrbakka*.
- k. Tíundi fer frá *Kotströnd* eftir komu aðalpóstsins frá *Odda* um (*Vorsabæ*), (*Hjalla*), *Þorlákshöfn*, *Stakkavík*, *Hraun* og *Kalmanstjörn* til *Keflavíkur* og snýr sömu leið til baka.

Fardagar póstauna frá endastöðvum póstleiðanna eru fastákveðnir þá daga, sem hér eru nefndir, þannig að við böggul- og peninga-sendingum er ekki tekið lengur en til kl. 7. síðd. daginn áður.

Í stjórnarráði Íslands, 16. okt. 1914.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.